



Gæðastefna Austurbrúar

austurbru.is



Gæðastefnan lýsir áherslu Austurbrúar á gæði vinnu og þjónustu stofnunarinnar og að þjónustan sé í samræmi við væntingar viðskiptavina og samstarfsaðila. Stjórnendur Austurbrúar bera ábyrgð á gæðastefnu stofnunarinnar.

Gæðastefnan byggir á hlutverki, gildum og meginmarkmiðum Austurbrúar og endurspeglast í eftirfarandi markmiðum:

- Að vera öflug og traust stofnun sem vinnur að hagsmunamálum íbúa, stofnana og sveitarfélaga á Austurlandi.
- Að veita góða, samræmda þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu.
- Að geta að hagkvæmni í starfseminni án þess að það komi niður á gæðum verkefna sem
- Austurbrú hefur skuldbundið sig til að sinna.
- Að beita viðurkenndum aðferðum við framkvæmd verkefna og vinna stöðugt að endurbótum á öllum þáttum starfseminnar.
- Að veita starfsmönnum gott vinnuumhverfi og hvatningu í starfi.
- Að hafa gildi Austurbrúar, framsækni – fagmennska – samvinna, að leiðarljósi.
- Að fylgja lögum og reglugerðum sem lúta að starfssviðum stofnunarinnar.
- Að vinna skv. samningum sem stofnunin er aðili að.
- Að halda utanum gögn skv. viðurkenndum skjalavistunarfræðum.
- Að halda utanum gæða- og verkferla skv. viðurkenndum gæðaferlum.

Stjórnendur Austurbrúar gera sér grein fyrir að gæðamál eru stöðugt á dagskrá og vanda þarf til verka við úrlausn þeirra. Þessi stefna skal endurskoðuð annað hvert ár eða oftar ef þörf krefur.

Stjórn samþykkir gæðastefnuna áður en hún er gefin út.